



# Peningatrygging

## Vátryggingarskilmálar nr. EL66

### Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. EL66.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

### Efnisyfirlit:

1. Vátryggðir hagsmunir
2. Vátryggður
3. Vátryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
6. Varúðarreglur
7. Brot á varúðarreglum
8. Samsömun
9. Áhættubreyting
10. Greiðsla iðgjalds
11. Endurgreiðsla iðgjalds
12. Eigendaskipti
13. Vátryggingarfjárhæð
14. Ákvörðun bóta
15. Undirtrygging
16. Tvítrygging
17. Framsal
18. Fyrning

### 1. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til peningafjárhæðar sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 2. Vátryggður

Eigandi peninganna er vátryggður.

### 3. Vátryggingin gildir

- 3.1 Vátryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 3.2 Vátryggingin gildir í flutningi. Peningar eru í flutningi þegar þeir eru fluttir frá vátryggingarstað til viðskiptabanka vátryggðs svo og á milli vátryggingarstaða. Fyrir bankastofnanir telst flutningur vera til og frá bankaútibúum og afgreiðslu-stöðum svo og til og frá Seðlabanka. Fyrir flutnings-aðila telst

flutningur vera frá afgreiðslustað viðskiptavinar til bankastofnunar.

### 4. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- 4.1 Rán á peningaseðlum eða mynt. Það telst rán þegar peningar eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað, sbr. 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

- 4.2 Tjón á peningaseðlum eða mynt í flutningi innanlands af völdum skyndilegra og utanaðkomandi óhappa.

- 4.3 Tjón á peningaseðlum eða mynt í þar til gerðum peningaskáp af völdum bruna, vatns og innbrots á vátryggingarstað.

Bótabættir sem vátryggingin tekur til koma fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

Vátryggingin bætir ekki:

- 4.4 Tjón á öðrum fjármunum en peningaseðlum eða mynt, s.s. ávísunum, greiðslukortanótum, víxlum, skuldabréfum eða öðrum viðskiptabréfum eða verðbréfum. Ávísanir eru þó bættar ef tap þeirra kemur í veg fyrir að krafa fáist greidd.

- 4.5 Afleitt eða óbeint tjón.

- 4.6 Tap eða tjón sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta, af áhrifum tímaskráningar á starfsemi búnaðar, kerfi eða sambands þessa hvoru tveggja.

Undanþága þessi á við um allar tímaskráningar.

Með "tímaskráningu" er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða sambandi þessa hvoru tveggja.

Með "búnaði" er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra áþreifanlega hluti eða safn hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölva, hugbúnað eða sambætt rafeindakerfi (þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur).

Með "kerfi" er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þeirra, hvers konar miðla fyrir upplýsingar og fyrirmæli á tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna,



eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða á öðru óáþreifanlegu eða áþreifanlegu formi.

Undanþága þessi nær ekki til tjóns sem stafar af bruna, sprengingu, hrapi, innbroti, þjófnaði eða vatnsskaða.

## 5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- 5.1 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- 5.2 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 5.3 Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarna-úrgangsefnis.

## 6. Varúðarreglur

Varúðarreglur koma fram í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun.

## 7. Brot á varúðarreglum

Skylt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 8. Samsömun

Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og umsjónarmanns peninganna.

## 9. Áhættubreyting

Vátryggður skal tilkynna félaginu verði breyting á starfsemi í næsta nágrenni við vátryggingarstað, eða breytingar eru gerðar á húsum í þá átt að brunaáhætta eykst. Vanræksla á þessu getur leitt til þess að félagið sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

## 10. Greiðsla iðgjalds

- 10.1 Iðgjald fyrir vátrygginguna fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist.
- 10.2 Vanskil á greiðslu iðgjalds geta valdið réttindamissi og niðurfellingu vátryggingarsamnings, sbr. 33. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 11. Endurgreiðsla iðgjalds

- 11.1 Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða vátryggingarfjárhæðina.
- 11.2 Skammtímatryggingar eru með öllu undanskildar endurgreiðsluákvæðum í gr. 11.1.

## 12. Eigendaskipti

Ef eigendaskipti verða að hinu vátryggða fellur vátryggingin úr gildi þegar eigendaskipti hafa átt sér stað. Félagið er þrátt fyrir þetta ábyrgt ef vátryggingaratburður verður innan 14 daga frá eigendaskiptum ef hinn nýi eigandi hefur ekki sjálfur tekið vátryggingu.

## 13. Vátryggingarfjárhæð

- 13.1 Vátryggingarfjárhæð kemur fram í vátryggingar-skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 13.2 Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna.
- 13.3 Þegar tjón hefur orðið lækkar vátryggingarfjárhæðin í hverjum lið um bótaupphæðina fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabili því sem iðgjald var greitt fyrir, nema viðbótariðgjald sé greitt.

## 14. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í vátryggingarskírteini eða endur-nýjunarkvittun.

## 15. Undirtrygging

Sé heildarverðmæti hins vátryggða meira en vátryggingarfjárhæð bætist tjón hlutfallslega.

## 16. Tvítrygging

- 16.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 16.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 16.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.



**17. Framsal**

Vátryggður má ekki án samþykkis félagsins framselja réttindi sín samkvæmt vátryggingarsamningnum.

**18. Fyrning**

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er vátryggður fékk nauðsyn-legalar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafa fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er vátryggingaratburður varð.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. janúar 2006.